

Mánudaginn 2. dez. 1929.

Nr. 107/1929.

Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Sigurði Sveini Sveinssyni
(Magnús Guðmundsson).

Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 21. maí 1929: Sigurður Sveinn Sveinsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1200 kr. sekt í ríkissjóð, er aflánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar er tekið fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi er það sannað, að kærði hefir bruggað öl með ólöglegum áfengisstyrkleika, en með því að öl það, er kærði hefir veitt einstaka manni, hefir eigi verið af ölbruggun þeirri, er rannsökuð hefir verið af efnarannsóknarstofu ríkisins, brestur sönnun fyrir því, að hann hafi gjörzt brotlegur gegn 11. gr. áfengislaganna.

Þá hefir kærði verið sakaður um að hafa í tvö skifti verið ölvaður á almannafæri, en með því að vitni þau, er um þetta hafa borið, hafa eigi staðfest framburð sinn með eiði, verður gegn neitun kærða um að hann hafi verið ölvaður, eigi talið sannað, að hann hafi gjört sig sekan í þessum verknaði.

Samkvæmt framansögðu hefir kærði gjörzt brotlegur gegn 6. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928 og ákveðst refsing hans, samkvæmt 30. gr. nefndra laga, 5 daga einfalt fangelsi og 1000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi

í stað sektarinnar 45 daga samskonar fangelsi fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skulu bruggunaráhöldin upptæk og eign rikissjóðs.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Sveinn Sveinsson, sæti 5 daga einföldu fangelsi og 1000 kr. sekt í rikissjóð og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skulu bruggunartækin upptæk og eign rikissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Sveini Sveinssyni, verkamanni, til heimilis í Brennu hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þessir:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan heim til kærðs og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann kvaðst sjálfur hafa bruggað. Var öl þetta síðan sent Efnarannsóknarstofu ríkisins

til rannsóknar og reyndist það hafa 6,80 %, áfengisstyrkleik (alkóhólinnihald) að rúmmáli. Kærður hefir haldið því fram, að öl sitt hafi ekki verið áfengt eða hann hafi að minnsta kosti staðið í þeirri meiningu, og að ölsýnishornið muni hafa vaxið að áfengisstyrkleik þá nju daga, sem liðu frá því það var tekið og þar til rannsóknin fór fram. Um þetta atriði hefir verið leitað álits Efnarannsóknarstofunnar og telur hún, að ölið hafi ekki aukist verulega að áfengisstyrkleik eftir að flöskunum var lokað, sem gjört var strax og sýnishornið var tekið.

Það er upplýst í málinu, að kærður hefir bruggað í einu svo mikið öl, að hann hefir jafnan átt ölið miklu lengur en þennan tíma, sem sýnishornið var á leiðinni. Auk þess er ölið látið látið standa áður en þess er neytt, en kærður hefir haldið fram, að sýnishornið hafi verið tekið af nýbrugguðu ölf.

Ennfremur hafa vitni, sem yfirheyrð hafa verið í málinu, haldið fram, að þau hafi drukkið öl kærðs og sér virzt það nokkuð sterkt og áfengt.

Samkvæmt framansögðu þykir sýnt, að ölbrugg kærðs hafi verið yfir lögleyfðan áfengisstyrkleik.

Við rannsókn málsins hefir kærði gefið þá skýrslu, að hann hafi byrjað ölbruggun í september síðastliðnum og haldið því áfram öðru hverju síðan og hafi bruggað frá 25 til 80 lítra í einu. Hafi ölsýnishornið verið tekið af fimmtu brugguninni, sem hafi verið einna stærst.

Til bruggunarinnar hefir kærður eigi notað önnur áhöld en stamp og síu.

Kærður hefir haldið fram, að hann hafi bruggað öl sitt til að neyta þess sjálfur í stað kaffi, sem hann megi ekki drekka sökum heilsubreysts.

Það er sannað í málinu, bæði með játningu kærðs og vitnaframburði, að hann hefir veitt einstaka mönnum af öli sínu, þó ekki mikið að því er virðist.

Hinsvegar hefir kærði neitað að hafa selt öl, enda ekkert upplýst í málinu, er hnekkir þeirri fullyrðingu eða gjöri hana tortryggilega.

Ennfremur hefir kærði verið kærður fyrir að vera ölvaður og hafa hegðað sér ósæmilega á almannafæri. Laugardagskvöldið 20. apríl síðastliðinn, var kærði staddur á opinberum dansleik í Bióhúsinu hér, og var að samhljóða framburði 3ja vitna áberandi ölvaður og hafði í frammi hneykslanlega hegðun.

Sömuleiðis er upplýst með samhljóða framburði þriggja vitna, að kærði hafi á annan í páskum síðastliðinn, verið áberandi ölvaður og haft í frammi drykkjulæti og háreysti hjá húsi, því er hann býr í, Brennu, sem stendur við alfara-veg. Hvorutveggja þetta verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærðs.

Kærður hefir því samkvæmt framansögðu orðið brotlegur við 6. gr., 11. gr. og 16. gr. áfengis laga nr. 64 frá 7. maí 1928. Kærður hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Refsing, sú er kærður hefir unnið til eftir 30. gr., 32. gr. og 26. gr. áðurnefndra áfengis laga, þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1200 króna sekt í rikissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 50 daga einföldu fangelsi. Ennfremur greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. dez. 1929.

Nr. 48/1929.

Einar M. Jónasson (Sjálfur)

gegn

**fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs og
Bergi sýslumanni Jónssyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Fógetaréttarúrskurður.

Úrskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 6. júní 1929: Fógeti vikur ekki sæti í máli þessu og á hin umbeðna fjárnámsgjörð að hafa framgang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 6. dag júnímánaðar þ. á úrskurðaði fógetinn í Barðastrandarsýslu, að fjárnám skyldi fara fram hjá áfrýjanda, þar vestra, til fullnustu hæstaréttardómi